

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. júní 2024

Mál nr. S-798/2024:

Ákærvaldið

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ásgeiri Þór Önnusyni,

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

Breka Þór Frímannssyni, og

(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

Hilmi Gauta Bjarnasyni

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara útgefinni 21. mars 2024 á hendur ákærðu Ásgeiri Þór Önnusyni, kt. 000000-0000, [...], Breka Þór Frímannssyni, kt. 000000-0000, [...] og Hilmi Gauta Bjarnasyni, kt. 000000-0000, [...].

I

Málið er höfðað á hendur Ásgeiri Þór Önnusyni fyrir tilraun til manndráps, húsbrot, hættubrot og vopnalagabrot með því að hafa, að kvöldi sunnudagsins 24. desember 2023, ásamt meðákærða Breka Þór, ruðst grímuklæddur og í heimildarleysi inn á heimili A, B og C, sem öll voru á heimilinu, að [...], þar sem ákærði Ásgeir Þór skaut, án viðvörunar, samtals sex skotum úr skammbyssu í átt að C og föður hennar, D, þar sem C stóð í fyrstu rétt fyrir framan dyrnar að svefnherbergi sínu en D sat þar inni við skrifborð en stóð upp eftir að skothríðin hófst, greip C og færði inn í herbergið þar sem hann skýldi henni uns skothríðinni lauk. Fjögur skot höfnuðu á vegg hægra megin við inngang herbergisins þar sem þau breyttu um stefnu inn í stofuna þannig að ákoma myndaðist á glerplötu sófaborðs og innra byrði rúðu brotnaði. Þá fór eitt skot í gegnum hægri hurðarstaf og inn í svefnherbergi C þar sem það endaði á milli miðstöðvarofns og gluggakistu og eitt skot fór beint inn í herbergið með svipaðan endastað milli miðstöðvarofns og gluggakistu en með þessu stofnaði ákærði á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu allra í íbúðinni í augljósan

háska og hlaut C eymsli í andliti eftir að óþekkt brak hafnaði í andliti hennar í kjölfar þess að eitt skotið hafnaði á hörðum fleti.

Telst háttsemi ákærða gagnvart þeim C og D varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en við 4. mgr. 220. gr. gagnvart þeim A og B. Telst háttsemi ákærða að öðru leyti varða við 231. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 13. gr., sbr. áður 12. gr., og 1. mgr. 21. gr., allt sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

II

Málið er höfðað á hendur ákærða Breka Þór Frímannssyni fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Ásgeirs Þórs, sbr. I. lið, með því að hafa liðsinnt honum við undirbúning og framkvæmd brotsins með því að hafa áður en þeir ruddust grímuklæddir inn í íbúðina greitt Hilmi Gauta Bjarnasyni 80.000 krónur fyrir að aka með þá að [...] ásamt því að skilja farsíma sinn eftir, taka með föt til skiptanna og aðstoðað við að skipta um númeraplötur á bifreiðinni [...], allt til að villa um fyrir lögreglu, og síðan ruðst með Ásgeiri Þór í heimildarleysi inn í húsnæðið og þar veitt liðsinni með nærveru sinni á meðan Ásgeir skaut úr byssunni og, eftir að Hilmir Gauti ók þeim frá vettvangi, fleygt fatnaði þeirra Ásgeirs í ótilgreint vatn við Krýsuvíkurveg og hringt í J og beðið hann að sækja þá og aka að [...] og, eftir að þangað var komið, beðið J að hylja myndavél við innganginn áður en þeir Breki og Ásgeir gengu inn í húsnæðið.

Telst háttsemi ákærða gagnvart þeim C og D varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en við 4. mgr. 220. gr. gagnvart þeim A og B. Telst háttsemi ákærða að öðru leyti varða við 231. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 13. gr., sbr. áður 12. gr. sömu laga, og 1. mgr. 21. gr., allt sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998, allt sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. 36. gr. vopnalaga.

III

Málið er höfðað á hendur ákærða Hilmi Gauta Bjarnasyni fyrir hlutdeild í broti Ásgeirs Þórs gegn almennum hegningarlögum, sbr. I. lið, með því að hafa tekið að sér að aka með meðákærðu, Ásgeir Þór og Breka Þór, gegn 80.000 króna greiðslu en ákærði sótti meðákærðu að [...] og ók þeim að starfsstöð [...], við [...], þar sem þeir stálu númeraplötum af bifreiðinni [...] og settu á bifreið ákærða, [...], ekið meðákærðu áfram að [...] þar sem meðákærðu fóru grímuklæddir út úr bifreiðinni, og eftir að skotárásinni lauk, ekið með meðákærðu áleiðis eftir Krýsuvíkurvegi og að Krýsuvíkirkirkju þar sem

meðákærðu yfirgáfu bifreiðina og ákærði setti aftur rétt skráningarnúmer á bifreið sína áður en hann ók á brott.

Telst háttsemi ákærða gagnvart þeim C og D varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en við 4. mgr. 220. gr. gagnvart þeim A og B. Telst háttsemi ákærða að öðru leyti varða við 231. gr. almennra hegningarlaga, allt sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er jafnframt krafist að ofangreind skammbýssa, af gerðinni Colt, gerð fyrir 45 kalíbera skot, verði gerð upptæk skv. 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. a.- almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu D, kt. 000000-0000, hér eftir nefndur kröfuhafi, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhafa sameiginlega 3.500.000,- króna í miskabætur vegna manndrápstilraunar gegn honum og barni hans. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærðu vegna varanlegs líkamstjóns einkaréttarkröfuhafa í kjölfar skotárásarinnar og áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Þess er jafnframt krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða þóknun réttargæslumanns sameiginlega, en til vara að sú þóknun verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Verði kröfuhafa ekki skipaður réttargæslumaður eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmannskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhafa að skaðlausu.

Af hálfu A, kt. 000000-0000, héðan í frá nefnd kröfuhafi, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhafa sameiginlega 2.000.000,- króna í miskabætur vegna innrásar og skotárásar á heimili hennar á aðfangadagskvöld 2023, auk manndrápstilraunar gegn syni og barnabarni sem kröfuhafi varð vitni að. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar

mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9., gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærðu vegna varanlegs líkamstjóns einkaréttarkröfuhafa í kjölfar skotárásarinnar og áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Þess er jafnframt krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða þóknun réttargæslumanns sameiginlega, en til vara að sú þóknun verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Verði kröfuhafa ekki skipaður réttargæslumaður eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmanskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhafa að skaðlausu.

Af hálfu B, kt. 000000-0000, héðan í frá nefndur kröfuhafi, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhafa sameiginlega 2.000.000,- króna í miskabætur vegna innrásar og skotárásar á heimili hans á aðfangadagskvöld 2023, auk manndrápstilraunar gegn uppeldisdóttur hans og syni sambýliskonu hans sem kröfuhafi varð vitni að. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærðu vegna varanlegs líkamstjóns einkaréttarkröfuhafa í kjölfar skotárásarinnar og áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Þess er jafnframt krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða þóknun réttargæslumanns sameiginlega, en til vara að sú þóknun verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Verði kröfuhafa ekki skipaður réttargæslumaður eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmanskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhafa að skaðlausu.

Af hálfu C, kt. 000000-0000, hér eftir nefnd kröfuhafi, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhafa sameiginlega kr. 4.500.000,- króna í miskabætur vegna innrásar og skotárásar á heimili hennar á aðfangadagskvöld 2023, auk manndrápstilraunar gegn henni og föður hennar. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærðu vegna varanlegs

Líkamstjóns einkaréttarkröfuhafa í kjölfar skotárásarinnar og áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Þess er jafnframt krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða þóknun réttargæslumanns sameiginlega, en til vara að sú þóknun verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Verði kröfuhafa ekki skipaður réttargæslumaður eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmannskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhafa að skaðlausu.

Af hálfu E, kt. 000000-0000, F, kt. 000000-0000, G, kt. 000000-0000, og H, kt. 000000-0000, héðan í frá nefnd kröfuhafar, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhöfum sameiginlega, hverju um sig, 400.000,- króna í miskabætur vegna innrásar og skotárásar í fjölbýlishúsi á aðfangadagskvöld 2023. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Jafnframt eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmannskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhöfum að skaðlausu.

Af hálfu I, kt. 000000-0000, héðan í frá nefndur kröfuhafi, er þess krafist að ákærðu greiði kröfuhafa sameiginlega 500.000,- króna í miskabætur vegna innrásar og skotárásar í fjölbýlishúsi á aðfangadagskvöld 2023. Krafist er vaxta af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er áskilinn réttur til að krefja ákærðu um bætur vegna útlagðs kostnaðar af vottorðum og meðferð kröfuhafa. Jafnframt eru ákærðu sameiginlega krafðir um greiðslu lögmannskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, kröfuhafa að skaðlausu.

Við aðalmeðferð málsins féllu brotapolarnir C, D, A og B frá kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu ákærðu vegna varanlegs líkamstjóns þar sem fram komi í framlögðum vottorðum sálfræðinga að of snemmt sé að meta varanlegt tjón þeirra. Þau áskilja sér hins vegar rétt til að hafa uppi slíkar kröfur þegar ár sé liðið frá tjónsatburði.

II

Kröfur og sjónarmið ákærðu.

Verjendur ákærðu Ásgeirs og Breka skiluðu ekki greinargerðum en verjandi ákærða Hilmis gerði það.

Verjandi ákærða Ásgeirs gerir aðallega þá kröfu að hann verði dæmdur til þeirrar vægustu skilorðsbundinnar refsingar sem lög frekast heimila og að til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt. Þá er þess aðallega krafist að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi en til vara að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt mati dómsins.

Verjandi ákærða Breka krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara, komi til sak-fellingar, að hann verði dæmdur til þeirrar vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er aðallega krafist sýknu af einkaréttarkröfum, til vara að þeim verði vísað frá dómi en til þrautavara að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt mati dómsins.

Verjandi ákærða Hilmis gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist aðallega að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af þeim en að því frágengnu er þess krafist að dæmdar bætur verði ákveðnar mun lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t., þóknun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ákærði Hilmir telur að verknaðarlýsing í III. tölulið ákæru samræmist ekki 22. gr. almennra hegningarlaga um hlutdeild og telur að það geti varðað frávísun ákæru-liðarins frá dómi. Framsetning í ákærunni sé óskýr um það brot sem ákærða sé gefið að sök. Hann hafi ekki tekið þátt í skipulagningu á broti meðákærðu, ekki fengið upplýsingar um fyrirætlanir þeirra né haft vitneskju um það sem til stóð. Ákærði Hilmir hafi ekki haft ásetning til að bana nokkrum manni þótt hugsanlega hafi hann látið sér í léttu rúmi liggja

að meðákærðu hygðust hræða eða jafnvel beita óþekktan mann ofbeldi. Ákærði hafi ekki gerst sekur um hlutdeild í tilraun til manndráps eða hættubrots og ásetningur hans hafi aðeins staðið til að aka meðákærðu á vettvang. Ákærði Hilmir hafi ekki vitað að ákærði Ásgeir hafi verið með byssu, hvað þá að hann hygðist nota vopnið.

Ákærði Hilmir telur að verði hann ekki sýknaður séu ekki skilyrði til þess að gera honum refsingu því 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hann. Fyrir liggja vottorð læknis um það að refsing gagnvart ákærða geti ekki borið árangur.

III

Ákæruliður I.

III.1. Málavextir.

III.1.1. Skýrslur lögreglu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning kl. 22:06 að kvöldi 24. desember 2023 um að hleypt hefði verið skotum úr skotvopni að [...]. Í húsinu eru fjórar íbúðir, tvær á 1. hæð og tvær á 2. hæð. Vettvangur var íbúð á 2. hæð til hægri og húsráðendur þar voru sambýliskona A og B. Þar voru einnig D sonur A og C níu ára gömul dóttir D. Hún, sem var búsett í íbúðinni, var sjáanlega í miklu uppnámi og sagði strax við lögreglumann að tveir menn hefðu komið inn í íbúðina og reynt að skjóta á sig. Stúlkan fann til í efri vör en var ekki með sjáanlega áverka. D kvaðst hafa verið inni í barnaherbergi og C hafi verið að ganga þaðan og fram í eldhús þegar hann hafi heyrt hvelli. Stúlkan hafi þá verið í herbergishurðinni og naumlega sloppið við að vera skotin. D kvaðst ekki eiga í útistöðum við neinn og atvikið hafi ekki snúið persónulega að honum.

Þegar atvikið átti sér stað kvaðst annar húsráðandinn, B, hafa verið dottandi í sjónvarpsherbergi en sambýliskona hans, A, kvaðst hafa verið í eldhúsinu þegar hún hafi heyrt hvelli.

Þegar lögreglumaður, sem kom fyrst á vettvang, var að ganga niður stiga að íbúðinni sá hann skammbyssu þar sem hún lá á snævipöktum grasbletti við húsið. Sérsveitarmenn komu á vettvang og haldlögðu byssuna sem síðan var afhent tæknideild lögreglu.

Á upptöku úr myndavél í dyrasíma íbúðar á 1. hæð hússins mátti sjá tvo menn koma gangandi að húsinu kl. 22:04 samkvæmt tímasetningu á upptökunni. Annar maðurinn var í svartri yfirhöfn með hettu, í dökkum buxum, brúnleitum skóm og með svartan klút fyrir vitum sér. Hinn var með bláa hettu, í svartri yfirhöfn, í brúnleitum buxum, hvítum skóm og með svartan klút fyrir vitum sér. Annar maðurinn sést taka upp úr hægri vasa silfurgráan hlut sem líkist skammbyssu. Næsta upptaka úr myndavélinni er kl. 22:05:51 og þar sést húsráðandi á 1. hæð hússins þar fyrir utan.

Í fyrstu lá ekki fyrir hverjir árásarmennirnir voru en ákærði Hilmir var handtekinn 27. desember og hann skýrði þá frá því að hann hefði ekið meðákærðu á vettvang á aðfangadagskvöld. Þeir hefðu farið frá [...] að fyrirtækinu [...], tekið þar skráningarnúmer af bifreið og sett á bifreið ákærða Hilmis. Þaðan hafi ákærðu farið að [...] og meðákærðu Ásgeir og Breki farið þar úr bifreiðinni. Skömmu seinna hafi ákærði Hilmir heyrt skothvelli og í kjölfarið hafi meðákærðu komið aftur í bifreiðina og sagt ákærða Hilmi að aka á brott. Hann hafi ekið að Krýsuvíkirkirkju og skipt þar aftur um skráningarnúmerin á bifreið sinni og hent stolnu skráningarmerkjunum á bifreiðastæði við [...]. Meðákærðu hafi verið sóttir þangað af öðrum manni. Þeir voru handteknir aðfaranótt 28. desember 2023.

III.1.2. Skýrslur tæknideildar lögreglu

Húsið að [...] er steinsteypt fjölbýlishús á tveimur hæðum. Á hvorri hæð eru tvær íbúðir og er sérinngangur í hverja þeirra. Íbúðin þar sem atburðurinn varð er á 2. hæð til hægri þegar staðið er framan við húsið. Komið er inn í anddyri í íbúðinni og þar til vinstri er lítil geymsla. Úr anddyrinu er gengið inn á gang og þar er svefnherbergi, síðan baðherbergi og loks barnaherbergi, allt á hægri hönd. Við enda gangsins er stofa í hinum enda íbúðarinnar og þar til vinstri er sjónvarpsherbergi og eldhús. Barnaherbergið er við hlið stofunnar til hægri.

Skammbyssan sem fannst við [...] var 45 Colt 1911 A1 og hún var óskráð hér á landi. Byssur af þessari tegund fást ekki skráðar hér á landi. Þegar hún fannst var hún tóm, engin skotfæri í hlaupi né í magasíni og sleði byssunnar var fastur í afturliggjandi stöðu. Það sé þekkt að þegar skotfæri klárist í byssum af þessari tegund læsist sleðinn aftur. Skammbyssan er hálfsjálfvirk með sleða sem virkar þannig að draga þarf sleða byssunnar

til baka til að spana hana. Eftir það skiptir byssan sjálfvirkt um skot í hlaupinu við gas eða bakslag frá skoti, kastar skothylkinu út og næsta skot fellur þá sjálfkrafa í skothúsið tilbúið til notkunar. Þegar skoti er hleypt af kastast skothylkið til hægri frá byssunni.

Ummerki á vettvangi bentu til þess að sex 45 kalíbera skotum hafi verið hleypt þar af og þeim hafi öllum verið beint að barnaherbergi íbúðarinnar. Á ganginum inn af anddyri íbúðarinnar fundust sex skothylki af gerðinni PPU 45 Auto og höfðu húsráðendur tekið fjögur þeirra upp af gólfi og sett ofan á kómmóðu. Nánar tiltekið voru skotin af gerðinni PPU 45 auto full metal jacket. Full metal jacket þýðir að kúlurnar, sem voru notaðar, hafi mjúkan kjarna, yfirleitt blý og séu umluktar harðgerðri nikkellkápu. Þessi tegund skota er ætluð til að halda betri stefnu þegar skoti er hleypt af og þau eru skörp. Þau eiga að halda lögun sinni þegar þau komast í mjúkvefi og fletjast ekki út eins og aðrar tegundir skota.

Við hurðina að barnaherberginu voru ummerki eftir skot. Á veggnum hægra megin við hurðina voru fimm ákomur eftir byssukúlur. Virtust fjögur skot hafa lent á veggnum, breytt um stefnu og tekið stefnu inn í stofuna. Eitt skot hafði farið í gegnum hurðarstaf hægra megin, inn í barnaherbergið og endaði í vegg milli hitaveituofns og sólbekkjar. Eitt skotið hefur líklega farið beint inn í barnaherbergið og endaði einnig í vegg á milli hitaveituofns og sólbekkjar. Hurðin að barnaherberginu var heil og því standa líkur til þess að hún hafi verið opin þegar skotunum var hleypt af. Þannig var hleypt af sex skotum á vettvangi og tvö þeirra lentu í vegg á barnaherbergi. Kúlur úr þeim skotum voru teknar úr veggnum. Í stofu íbúðarinnar var ákoma á glerplötu á sófaborði og á rúðu vestan megin í íbúðinni. Innra byrði rúðunnar var brotið en um var að ræða tvöfalt gler. Þykir líklegt að þessi ummerki í stofunni hafi verið eftir byssukúlur sem hafi breytt um stefnu eftir að hafa lent í veggnum. Á stofugólfi voru glerflísar og brak en þar fundust fjórar byssukúlur. Ein var undir borði við sófa en þrjár undir og við jólatré sem stóð í suðvesturhorni íbúðarinnar.

Í samantekt skýrslu tæknideildar segir að ummerki bendi til þess að sá sem skaut hafi staðið á ganginum innan við forstofu íbúðarinnar og hleypt af sex skotum í átt að barnaherberginu og hurð þess staðið opin. Fjögur hafi lent í steiptum vegg hægra megin við hurðina inn í herbergið og breytt um stefnu inn í stofu þar sem kúlurnar hafi fundist. Tvö af skotunum hafi lent inni í barnaherberginu og í steiptum vegg neðan við sólbekk.

Annað skotið hafi farið í gegnum hurðarstaf og frá skotgatinu og niður á gólf voru 135 cm. Hæð frá gólfi og upp í skotgat á vegg var 71 cm. Þykir því ljóst að skotmaður hafi beint skotvopninu aðeins niður á við þegar skothríðin hófst. Hitt skotið sem lenti í barnaherberginu hefur líklega farið beint inn í herbergið í gegnum opna hurðina. Af ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi sjást ummerki eftir fjögur skot á stofuvegg og hafði eitt þeirra farið í gegnum myndaramma áður en það lenti á veggnum. Ummerki voru eftir eitt skot á hurðarstaf og eftir tvö skot á vegg neðan við sólbekk í barnaherbergi.

Aftarlega á sleða skammbyssunnar sást rautt kám og gaf sýni úr því jákvæða svörun sem blóð. Var því talið að þar væri lífsýni sem nota mætti til DNA-kennslaggreiningar. Níu sýni voru tekin af skammbyssunni og magasíni hennar og send til rannsóknar hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð (NFC) ásamt samburðarsýnum af ákærðu. Eitt sýni var samkennt við DNA-snið ákærða Ásgeirs og annað var samkennt við DNA-snið ákærða Breka. Í einu sýninu fannst blóð sem var samkennt við DNA-snið ákærða Breka.

Tvær lambhúshettur voru haldlagðar við húsleit á heimili ákærða Hilmis og tekin voru sýni af innri hlið þeirra til DNA-greiningar. DNA-snið sýnanna var samkennt við DNA-snið allra ákærðu.

III.1.3. Framburður ákærða Ásgeirs hjá lögreglu

Eins og fram er komið var ákærði Ásgeir handtekinn 28. desember 2023 og hann hefur sætt gæsluvarðhaldi frá þeim degi. Í fyrstu þremur skýrslutökum hjá lögreglu neitaði hann ýmist sök eða neitaði að tjá sig en í skýrslutöku 15. febrúar 2023 játaði hann aðild sína að málinu. Ákærði vildi ekki skýra frá því hvers vegna hann fór að [...] í umrætt sinn en hann hafi farið þangað ásamt ákærða Breka og ákærði Hilmir hafi ekið þeim þangað. Ákærði Ásgeir sagði að þeir hefðu farið frá heimili móður hans við [...], farið í aðstöðu fyrirtækisins [...], stolið þar skráningarnúmerum af bifreið og sett á bifreið ákærða Hilmis. Þaðan hafi þeir haldið að [...] í þeim tilgangi að hræða brotapolann D. Ákærði Breki hafi vitað að ákærði Ásgeir væri með byssu en hann hafi ekki vitað að hún væri hlaðin. Ákærðu Ásgeir og Breki hafi síðan farið inn í íbúðina að [...] en ákærði Hilmir beðið á meðan í bifreið sinni fyrir utan húsið. Ákærði Ásgeir kvaðst ekki hafa séð neinn þegar þeir hafi komið inn en heyrt rödd inni í herbergi, miðað á vegginn þar og hleypt af skotum. Hann hafi vitað að einhver væri í herberginu en hann hafi ekki ætlað að skjóta á manneskju og þar með ekki á litla stúlku. Tilgangurinn hafi aðeins verið að

hræða brotapolann D en ákærði Ásgeir vildi ekki segja hvers vegna hann hafi ætlað að gera það. Ákærði Breki hafi vitað að ákærði Ásgeir hafi aðeins ætlað að hræða D með byssunni og ef til vill að berja hann aðeins. Eftir að ákærði hafi skotið úr byssunni hafi ákærðu Ásgeir og Breki farið aftur út í bifreiðina til ákærða Hilmis og hann hafi ekið þeim að Krýsuvíkirkirkju. Þar hafi þeir skipt aftur um skráningarnúmer á bifreið ákærða Hilmis og síðan hafi J, félagi ákærða Ásgeirs, sótt hann og ákærða Breka þangað. Þeir hafi síðan farið aftur á [...] á heimili móður ákærða Ásgeirs en á leiðinni þangað hafi þeir hent poka með fötum og skóm, sem ákærðu Ásgeir og Breki hafi verið í þegar þeir fóru inn í íbúðina við [...], í eitthvert vatn. Ákærði Ásgeir kvaðst ekki hafa vitað hvað hann ætti að gera við byssuna eftir að hafa skotið úr henni og því hent henni frá sér.

III.2. Framburðir ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði, Ásgeir Þór Önnuson, kvaðst hafa farið inn í íbúðina að [...] ásamt ákærða Breka og skotið þar sex skotum á vegg. Ákærði Ásgeir sagði að tilgangurinn með því að fara þangað hefði verið sá að ógna og lemja brotapolann D, sem ákærði Ásgeir hafi ekki þekkt, en hann vildi ekki segja hvers vegna hann hefði ætlað að gera það. Hann hafi farið að undirbúa það daginn áður að fara inn í íbúðina og m.a. keypt skot í byssuna. Þá hafi ákærði Ásgeir sagt ákærða Breka að hann ætlaði að fara í íbúðina til að ógna D. Ákærði Breki hafi vitað það þegar þeir hafi verið á leiðinni á vettvang að ákærði Ásgeir væri með byssu en ákærði Breki hafi ekki vitað að hún hafi verið hlaðin og hvorki hann né ákærði Hilmir hafi snert byssuna. Ákærði Ásgeir gat ekki skýrt það hvers vegna DNA-snið ákærða Breka hafi fundist í sýnum sem tekin hafi verið af byssunni. Ákærði Ásgeir kvaðst hafa hlaðið byssuna á heimili sínu við [...]. Áður en ákærðu Ásgeir og Breki hafi farið inn í íbúðina hafi þeir klætt sig í föt sem hafi verið til á heimili ákærða Ásgeirs og þeir hafi m.a. verið með lambhúshettur og hanska þegar þeir hafi farið inn í íbúðina. Áður en þeir hafi farið þangað hafi ákærði Ásgeir tekið inn kókaín bæði á heimili sínu og í bifreiðinni á leiðinni á vettvang. Hann hafi því verið undir áhrifum þegar hann fór inn í íbúðina. Ákærði kvaðst aldrei áður hafa skotið úr skambyssu og ekki vera með skotvopnaleyfi.

Ákærði Ásgeir sagði að ákærði Hilmir hefði ekið þeim á vettvang og allir ákærðu hefðu tekið átt í því að skipta um skráningarnúmer á bifreið hans á leiðinni þangað. Ákærði Ásgeir kvaðst ekki hafa þekkt ákærða Hilmi en frændi ákærða Hilmis hefði fengið hann

til að aka ákærðu Ásgeiri og Breka á vettvang. Ákærði Breki hafi greitt ákærða Hilmi 80.000 krónur fyrir aksturinn en það hafi staðið til að greiða honum meira og ákærði Ásgeir hafi ætlað að endurgreiða ákærða Breka það sem hann greiddi ákærða Hilmi.

Ákærði Ásgeir kvaðst ekki hafa haft upplýsingar um íbúðina, svo sem um gerð veggja, áður en ákærðu fóru þangað. Þegar hann og ákærði Breki hafi komið að íbúðinni að [...] hafi hún verið ólæst. Ákærði Ásgeir kvaðst hafa stigið þrjú til fjögur skref inn fyrir anddyri íbúðarinnar og hann hafi heyrt karlmannsrödd í herbergi á hægri hönd. Það hafi samkvæmt upplýsingum ákærða Ásgeirs ekki átt að geta verið annar en brotapolinn D en ákærði Ásgeir vildi ekki upplýsa um það hver hefði sagt honum að D væri í íbúðinni. Ákærði Ásgeir kvaðst ekki hafa séð fólk í íbúðinni og hann taldi ólíklegt að brotapolinn C hefði séð ákærða Ásgeir. Hann hafi lítið hugsað þegar hann hóf skothríðina t.d. ekki út í hugsanlegt endurkast skotanna eftir að þau myndu lenda á mótstöðu. Hann hafi tæmt magasínið á byssunni en hann og ákærði Breki síðan hlaupið út úr íbúðinni og stokkið yfir stigahandrið þegar þeir hafi komið út. Ákærði Ásgeir hafi ekki vitað hvað hann ætti að gera við byssuna og því hent henni frá sér fyrir utan húsið. Hann og ákærði Breki hafi síðan farið inn í bifreiðina til ákærða Hilmis sem hafi ákveðið að aka út í Krýsuvík. Í bifreiðinni hafi ákærði Breki spurt ákærða Ásgeir hvort hann hafi skotið á einhvern og hann svarað því neitandi. Ákærðu Ásgeir og Breki hafi farið úr fötunum sem þeir hafi verið í utan yfir öðrum fötum og ákærði Breki hafi hent fötunum sem þeir hafi farið úr og skóm þeirra á leið frá vettvangi í eitthvert vatn. Ákærði Ásgeir kvaðst hafa haldið að lambhúshettunum, sem þeir Breki hafi verið með þegar þeir fóru inn í íbúðina, hafi verið hent með fötunum en það hafi ekki reynst rétt. J, vinur ákærða Ásgeirs, hafi sótt hann og ákærða Breka í Krýsuvík og þar hafi ákærði Hilmir skipt aftur um skráningarnúmer á bifreið sinni. Ákærði Ásgeir sagði að hann og ákærði Breki hefðu báðir setið í aftursætinu á bifreið ákærða Hilmis bæði á leiðinni á vettvang og frá vettvangi.

Ákærði Ásgeir tók fram að hann hefði ekki ætla að drepa neinn. Hann hafi ekki miðað á fólk heldur á vegg og skotið öllum skotunum í einni lotu.

Ákærði, Breki Þór Frímansson, sagði að honum hefði verið boðið að taka þátt í því að hóta manni og hann hafi ákveðið að gera það til að bakka upp félagan sinn ákærða Ásgeir. Ákærði Breki kvaðst ekki þekkja ákærða Hilmi mikið og ákærði Breki vissi ekki af

hverju ákærði Hilmir hafi ekið þeim á vettvang. Hann hafi sótt ákærðu Breka og Ásgeir í [...] á heimili móður ákærða Ásgeirs. Ákærða Breka kvaðst ráma í það að ákærðu hafi skipt um skráningarnúmer á bifreið ákærða Hilmis hjá [...] þegar þeir hafi verið á leiðinni á vettvang og hafi ákærði Hilmir átt hugmyndina að því. Ákærði Breki kvaðst hafa greitt ákærða Hilmi 80.000 krónur með sínum peningum og taldi það hafa verið fyrir fíkniefni en það gæti hafa verið fyrir aksturinn.

Þegar ákærðu hafi farið af stað á vettvang hafi ákærði Breki ekki verið alveg viss um hvert þeir hafi verið að fara. Reyndar kvaðst hann muna lítið eftir þessu þar sem hann hafi verið undir áhrifum og m.a. verið búinn að taka inn kókaín og benzo. Hann gæti hafa tekið það inn í bifreiðinni á leiðinni á vettvang og hann hafi líklega fyrst séð byssuna í bifreiðinni á leiðinni þangað en hann hafi aldrei snert hana. Ákærðu Breki og Ásgeir hafi verið með lambhúshettur eða grímur þegar þeir hafi farið inn í íbúðina. Þeir hafi ekki ætlað að drepa einhvern og ákærði Breki kvaðst ekki hafa séð manneskju í íbúðinni þegar hann hafi komið þar inn. Hann kvaðst ekki hafa vitað hverjir hafi átt að vera í íbúðinni og ákærðu Breki og Ásgeir hafi farið aðeins inn fyrir anddyri íbúðarinnar og hafi ákærði Breki verið fyrir framan ákærða Ásgeir. Hann hafi þá byrjað að skjóta og hafi ákærði Breki fengið áfall við það en það hafi aðeins staðið til að hóta eða ógna manni í íbúðinni. Ákærði Breki hafi ekki séð neinn í herberginu sem ákærði Ásgeir hafi skotið á og ákærði Breki kvaðst ekki hafa séð hvar kúlurnar lentu.

Ákærði Breki kvaðst ekki hafa vitað hver það hafi verið sem átt hafi að ógna eða hóta og hann þekki hvorki brotapolann D né viti hvernig hann lítur út. Ákærði Breki sagði að hann hefði ekki farið á vettvang ef hann hefði vitað að það ætti að skjóta þar úr byssu. Hann mundi ekki hvort það hefði verið rætt að það ætti að nota byssu til að hóta eða ógna. Hann hafi spurt ákærða Ásgeir þegar þeir hafi komið aftur út í bifreiðina hvort hann hafi hitt einhvern en ákærði Breki mundi ekki hverju ákærði Ásgeir hefði svarað. Ákærði Breki sagði að ákærðu hefðu farið í Krýsuvík eftir að hafa yfirgefið vettvang en hann vissi ekki hver hefði ákveðið að þeir myndu fara þangað né hvenær það hefði verið ákveðið. Líklega hafi ákærði Breki hent fötunum, sem þeir ákærði Ásgeir hafi verið í þegar þeir fóru inn í íbúðina, í vatn en þeir hafi líklega verið í öðrum fötum innan undir. Í Krýsuvík hafi ákærði Hilmir skipt um skráningarnúmer á bifreið sinni og ákærði Breki hafi fengið J til að sækja ákærðu Breka og Ásgeir þangað.

Ákærði Breki sagði að ákærði Hilmir hefði skipulagt þetta allt en ákærði Ásgeir hefði átt hugmyndina að því að hóta. Ákærði Breki kvaðst ekki hafa snert byssuna en hafi hann gert það hafi það verið í bifreiðinni og hann þá verið með hanska. Hann sagði það ekki geta staðist að DNA-snið hans hafi fundist á byssunni. Eftir verknaðinn hafi annað hvort ákærði Breki eða Ásgeir átt hugmyndina að því að hylja myndavél sem hafi verið við íbúð móður ákærða Ásgeirs þegar þeir hafi komið þangað aftur.

Ákærði, Hilmir Gauti Bjarnason, kvaðst hafa ekið meðákærðu á vettvang og aftur á brott en hann hafi ekki þekkt þá. Ákærði Hilmir hafi fengið skilaboð frá manni að nafni K sem hafi spurt ákærða Hilmi hvort hann gæti skutlað vini eða frænda fyrir 40.000 eða 80.000 krónur. Í fyrstu hafi meðákærðu viljað fá lánaða bifreið en systir ákærða Hilmis, sem hafi átt bifreiðina, hafi ekki viljað lána hana nema ákærði Hilmir myndi aka henni. Hann kvaðst fyrst hafa hitt meðákærðu 23. desember 2023 og þá hafa ekið ákærða Breka til síns heima en síðan farið í [...] með ákærða Ásgeir og skilið hann þar eftir. Ákærði Ásgeir hafi síðan hringt í ákærða Hilmi um tveimur klukkustundum seinna og beðið hann að sækja sig. Ákærði Hilmir kvaðst ekki vita hvað ákærði Ásgeir hafi verið að gera en hann hafi sagt ákærða Hilmi það seinna að ákærði Ásgeir hafi verið að skoða húsið sem meðákærðu fóru síðan inn í. Ákærði Hilmir hafi síðan sótt meðákærðu daginn eftir í Laugardalinn og þeir hafi boðið honum greiðslu fyrir aksturinn og greitt samtals 80.000 krónur, þ.e. 40.000 krónur í tveimur greiðslum. Meðákærðu hafi ekki sagt ákærða Hilmi hvað þeir ætluðu að gera og þeir hafi sagt að hann myndi ekki vilja vita það. Ákærða Hilmi kvaðst hafa grunað að um ofbeldi væri að ræða en hann hafi ekki grunað vopnaða árás. Hann hafi hvorki séð byssu né heyrt meðákærðu ræða um byssu. Á leiðinni á vettvang hafi meðákærðu, sem báðir hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar, tekið inn pillur eða púður sem gæti hafa verið kókaín eða spítt. Ákærði Hilmir hafi ekið áleiðis í [...] og á leiðinni þangað hafi þeir skipt um skráningarnúmer á bifreiðinni en ákærði Ásgeir hafi rætt um að gera það og ákærði Hilmir kvaðst hafa vitað um stað þar sem hægt væri að gera það. Meðákærðu hafi sett á sig grímur áður en þeir fóru inn í húsið en ákærði Hilmir hafi ekki vitað hvern meðákærðu hafi ætlað að hitta. Hann hafi síðan heyrt skothvelli og meðákærðu komið í kjölfarið aftur út í bifreiðina. Þar hafi ákærði Breki spurt ákærða Ásgeir hvort hann hafi hitt hann og ákærði Ásgeir svarað að hann haldi það. Ákærði Hilmir hafi ekið að Krýsuvíkirkirkju en hann mundi ekki hvenær hefði hafi verið

ákveðið að fara þangað og hann hafi ekki valið leiðina þangað. Ákærðu hafi skipt þar aftur um skráningarnúmer á bifreiðinni og hent þeim sem þeir settu á bifreiðina á leiðinni á vettvang. Meðákærðu hafi farið úr fötunum sem þeir hafi verið í þegar þeir fóru inn í húsið en þeir hafi verið í öðrum fötum innan undir. Maður að nafni J hafi sótt meðákærðu að Krýsuvíkirkirkju en ákærði Hilmir mundi ekki hvort hann hefði átt hugmyndina að því að hringja í J. Ákærði Hilmir hafi ekki rætt við J en líklega hafi sími ákærða Hilmis verið notaður við að hringja í J. Ákærði Hilmir sagði að hufur hefðu orðið eftir í bifreiðinni sem hann var á og lögreglan hafi tekið þær.

Ákærði Hilmir lýsti því að hann væri með dreifðan heilaáverka sem hafi áhrif á ákvarðanatöku hans. Hann hugsi ekki út í afleiðingar gjörða sinna og sé hvatvís.

Vitnið og brotapolinn, C, gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 9. janúar 2024. Hún kvaðst búa að [...] og sagði að á aðfangadagskvöld árið 2023 hefði hún verið þar ásamt föður sínum, ömmu og afa. Hún hafi verið að fara út úr sínu herbergi, þ.e. barnaherbergi íbúðarinnar, en hún hafi verið þar ásamt föður sínum og ætlað að sækja skæri til að opna pakka. Þegar hún hafi komið út úr herberginu hafi hún séð menn, reyk og glerbrot á gólfinu. Hún hafi meitt sig í vörunum þegar eitthvað hafi lent á þeim. Hún sagði að maðurinn, sem hafi verið til vinstri frá henni séð, hafi verið með byssu og það hafi verið skotið. Faðir vitnisins hafi tekið það, haldið fyrir munninn á því og verið eins og varnarskjöldur fyrir vitnið inni í horni á herberginu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð andlitið á árásarmönnum því þeir hefðu verið með eitthvað yfir þeim. Vitnið sagðist hafa orðið rosalega hrætt og verið það í marga daga því það hafi óttast að mennirnir myndu koma aftur. Atvikið hafi alltaf komið aftur og aftur upp í huga vitnisins.

Vitnið og brotapolinn, D, kvaðst hafa setið inni í herbergi í íbúðinni að [...] í umrætt sinn en þar búi einnig C, dóttir vitnisins, móðir þess og eiginmaður móðurinnar. Fyrr um kvöldið hafi einnig fleiri verið þar. Vitnið kvaðst allt í einu hafa heyrt hvelli og þá hafi dóttir þess verið í herbergishurðinni og öskrað. Vitnið hafi þá staðið upp, líklega tekið eitt eða tvö skref, gripið í stúlkuna og skýlt henni inni í herberginu en hún hafi fengið flís í andlitið. Hún hafi sagt að þetta hafi verið svartklæddir menn með grímur. Eftir að vitnið hafi togað í stúlkuna hafi heyrst eitt eða tvo skot en þetta hafi allt gerst mjög hratt og hann eða þeir sem skutu hljóti að hafa séð dóttur vitnisins. Hún hafi verið í taugaáfalli

eftir atvikið. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna skotið hafi verið inni í íbúðinni, það þekki ákærðu ekki og vitnið eigi ekki í útistöðum við neinn. Vitnið sagði að atvikið hefði verið slæmt fyrir alla enda hefði verið skotið á dóttur þess og vitnið hafi leitað til sálfræðings vegna þessa.

Vitnið og brotapolinn, A, kvaðst hafa verið inni í eldhúsi að ganga frá þegar hún hafi heyrt hvelli og gauragang. Vitnið hafi heyrt C segja „skjóta“ og þá farið fram og út úr íbúðinni. Þá hafi tveir menn verið að hlaupa á brott frá húsinu, vitnið hafi kallað á eftir þeim og spurt hvort þeir hafi verið að skjóta og annar þeirra hafi svarað því játandi. Þetta hafi allt gerst mjög hratt. C hafi sagst hafa séð tvo dökkklædda menn með grímur og spurt hvers vegna það hefði verið skotið. Hún hafi haldið að þeir hafi báðir verið með byssur og sagst hafa staðið í dyragættinni að herberginu þegar hún hafi séð mennina. Hún hafi verið með lítinn áverka á vör og fundið til. Vitnið sagði að í fyrstu hefði ekki hvarflað að því að það væri verið að skjóta úr byssu og hún viti ekki hvers vegna það hafi verið gert. Heimili vitnisins hafi eftir þetta verið í rúst og heimilisfólkið hafi þurft að yfirgefa það þar til daginn eftir. Þetta hafi haft áhrif á andlega heilsu vitnisins og settar hafi verið upp öryggismyndavélar við heimilið. Þetta hafi einnig haft slæm áhrif á brotapolann C og hún sofi enn þá inni í herbergi hjá vitninu. Þá fari brotapolinn D varla út úr húsi.

Vitnið og brotapolinn, B, sagði að fyrr um kvöldið hefði fleira fólk verið í íbúðinni þar sem skotarásin átti sér stað en það hefði farið um kl. 22:00. Vitnið kvaðst hafa verið dottandi inni í sjónvarpsherbergi en vaknað við læti og öskur í brotapolanum C. Vitnið hafi staðið upp og farið út úr íbúðinni og þá séð tvo menn hlaupa frá húsinu. Skoðhyliki hafi verið á gólfi íbúðarinnar en vitnið hafi tekið þau upp. C hafi sagst hafa séð tvo svartklædda menn og hún hafi verið með lítinn áverka. Þetta hafi allt gerst mjög hratt. Vitnið sagði að eftir atvikið hefði það lítið unnið og þetta hafi valdið C hugarangri, hún geti ekki verið ein heima og hana dreymi atvikið.

Vitnið, J, kvaðst vera vinur ákærða Breka og hafa þekkt hann lengi. Vinur Breka hafi hringt í vitnið í umrætt sinn og beðið vitnið að sækja hann í Krýsuvík og hafi vitnið gert það. Vitnið hafi ekið ákærðu Breka og Ásgeiri að heimili móður ákærða Ásgeirs og þegar þangað hafi komið hafi vitnið samkvæmt beiðni ákærða Ásgeirs hulið myndavél sem þar

hafi verið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð aðra en ákærðu Ásgeir og Breka í Krýsuvík og vitnið hafi hvergi stöðvað á leið þeirra þaðan og að heimili móður Ásgeirs.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa verið á bakvakt í tæknideild þegar atvikið varð. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang og unnið að rannsókn þar kvöldið sem atvikið varð og daginn eftir. Vitnið sagði að endurkast skota væri mjög breytilegt eftir því á hverju kúlan lendir, þ.e. hvort það væri hart eða mjúkt yfirborð. Vitnið staðfesti skýrslur sínar.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa unnið að rannsókn málsins, m.a. við úrvinnslu gagna og skýrslutökur. Vitnið kvaðst hafa staðsett þá sem voru í íbúðinni á grunnteikningu af henni og komið þeim upplýsingum til tæknideildar. Vitnið sagði að brotapolarnir C og D hefðu ekki verið alveg sammála um það hvar stúlkan hafi verið stödd þegar skotið hafi verið. Vitnið sagði að ákærði Breki hefði verið samvinnuþýður upp að því marki sem hann hafi viljað upplýsa um málið en það hafi verið ýmislegt sem hann hafi ekki viljað ræða um, svo sem skipulagningu verknaðarins. Vitnið kvaðst telja að ákærði Breki hafi komið þar meira að en hann hafi viljað vera láta. Þá væri talið að einhverjir, sem ákærðu Ásgeir og Breki hafi ekki upplýst um, hafi staðið að baki þeim og tekið þátt í skipulagningunni. Þá hafi ákærði Breki talið það af og frá að DNA-snið hans hafi getað fundist á byssunni og taldi að lögreglan hefði þar hugsanlega hagrætt hlutum. Vitnið sagði að blóðið á sleða byssunnar hafi getað komið til þegar óvanir menn hafi klemmst við að handleika hana. Vitnið sagði að ákærði Hilmir hefði gefið mikilvægar upplýsingar sem hefðu átt þátt í því að málið upplýstist. Hann hefði komið vel fyrir og verið skýr í frásögn. Vitnið staðfesti skýrslur sínar sem eru meðal rannsóknargagna málsins.

Vitnið, L, sérfræðingur hjá LRH, kvaðst m.a. hafa rannsakað lambhúshettunna sem ákærðu Ásgeir og Breki hafi notað. Þær hafi verið með augngöt en ekki munngöt. Tekin hafi verið lífsýni af húfunum nálægt augngötunum og þau send í DNA- rannsókn. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, M, sérfræðingur hjá LRH, kvaðst hafa skoðað gögn frá vettvangi og m.a. skotgeymi og skothylki skammbyssunnar. Þá hafi vitnið tekið sýni og sent til rannsókna.

Blóð úr ákærða Breka hafi samkvæmt niðurstöðum rannsóknar verið á útdraganlegum hluta byssunnar og það geti ekki verið annað en rétt ef samanburðarsýni hafi verið rétt tekið. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa fengið skammbyssuna til rannsóknar og gert m.a. virknipróf á henni á viðurkenndu skotsvæði. Taka þurfi í gikk byssunnar fyrir hvert skot og þegar hleypt væri af færi næsta skot í skotgeymi hennar. Það gæti tekið 4-6 sekúndur að skjóta sex skotum úr byssunni.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, N sálfræðingur, kvaðst hafa verið með brotapolann C í meðferð. Vitnið sagði að tilgangurinn með því að láta stúlkuna leika skotárásina væri hluti af áfallameðferð, þ.e. að vinna úr því sem hafi gerst. Þetta væri því gert í meðferðartilgangi. Reynt hafi verið að hafa texta undir myndum, sem fylgdu vottorðinu, að mestu orðrétt eftir stúlkunni. Vitnið sagði að stúlkun væri enn í meðferð og með áfallastreitu. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, O sálfræðingur, sagði að ákærði Hilmir væri með framheilaskaða. Hann hafi hlotið heilaskaða sem barn og ekki þroskast eðlilega eftir það. Framheilaskaði valdi dómgreindarleysi og einstaklingar með slíkan skaða átti sig ekki á afleiðingum gjörða sinn meðan á þeim standi. Þeir láti sig fljóta með, taki rangar ákvarðanir án þess að átta sig á afleiðingum þeirra og séu áhrifagjarnir en það sjáist ekki á þeim. Heilaskaðaðir samsami sig illa með öðrum og séu með barnalegar hugsanir og hugmyndir. Vitnið sagði að ákærði Hilmir viti að það að fremja líkamsárás og þjófnað sé rangt. Hann sé ekki með persónuleikatruflun og ekki viljalaus aðili í öllum aðstæðum. Refsing henti honum ekki sérstaklega vel og hann sé ekki hættulegur. Hann myndi eflaust læra af fangelsisvist en fyrir heilaskaðaða menn sé ekki gott að vera í fangelsi. Þá geti ákærði Hilmir lært af endurtekningum. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Við aðalmeðferð málsins var bókað eftir sækjanda og verjendum ákærðu að efni vottorða annarra sálfræðinga og skýrslna annarra lögreglumanna en þeirra sem komu fyrir dóm til

skýrslugjafar væri ágreiningslaust og því væri ástæðulaust að þessir aðilar kæmu fyrir dóm til að staðfesta vottorðin og skýrslurnar.

III.3. Niðurstaða

Ákærða, Ásgeiri Þór Önnusyni, er gefin að sök tilraun til manndráps, húsbrot, hættubrot og vopnalagabrot eins og nánar er lýst í ákæru. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ruðst heimildarlaust inn í íbúð að [...] ásamt ákærða Breka og skotið þar sex skotum af skambyssu í átt að herbergi þaðan sem hann heyrði karlmannsrödd. Byssan er óskráð hér á landi, fengist ekki skráð og ákærði er ekki með skotvopnaleyfi. Verjandi ákærða segir að ákærði hafi gerst sekur um húsbrot, vopnalagabrot og hættubrot en ekki tilraun til manndráps.

Ákærði Ásgeir kvaðst hafa farið í íbúðina í þeim tilgangi að hræða þar einn brotþola, D, sem ákærði hafi vitað að væri þar staddur. Ákærði Ásgeir vildi ekki skýra frá því hvers vegna hann hafi ætlað að hræða D né hvernig hann vissi að hann væri í íbúðinni. Þegar ákærðu Ásgeir og Breki hafi komið inn í íbúðina hafi ákærði Ásgeir ekki séð fólk en heyrt í karlmanni inni í herbergi íbúðarinnar. Hann hafi þá skotið sex skotum úr skambyssu, sem hann hafi verið með, í átt að herberginu en ásetningur hans hafi hvorki staðið til þess að bana D né öðrum einstaklingum. Í herberginu, sem er innst í íbúðinni, voru brotþolarnir D og C, rúmlega níu ára gömul dóttir hans.

Ekki verður annað ráðið af framburðum ákærðu Breka og Hilmis en ákærði Ásgeir hafi átt stærstan þátt í því að skipuleggja verknaðinn og haft frumkvæðið þegar að framkvæmdinni kom og verður það ekki dregið í efa. Ákærði Breki hefur viðurkennt að hafa farið á vettvang með meðákærðu í þeim tilgangi að bakka ákærða Ásgeir upp við að ógna eða hóta manni sem ákærði Breki hafi ekki vitað hver væri. Þar hafi ákærði Ásgeir skotið af byssu inni í íbúðinni. Ákærði Hilmir hefur viðurkennt að hafa ekið meðákærðu á vettvang gegn greiðslu og heyrt skothvelli eftir að þeir fóru inn í íbúðina.

Brotþolarnir og vitnin C, D, A og B hafa öll lýst því að skotið hafi verið af byssu inni í íbúðinni. Aðeins vitnið C kvaðst hafa séð mennina sem ruddust inn í íbúðina en þeir hafi verið tveir og hulið andlit sín. Hún kvaðst hafa séð byssu.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu bentu ummerki til þess að sex skotum hefði verið skotið úr skammbyssu í átt að barnaherbergi íbúðarinnar og fjögur þeirra hafi lent í steiptum vegg til hliðar við hurðina inn í herbergið. Eftir að hafa lent í veggnum tóku skotin stefnubreytingu frá honum og enduðu skotferil sinn inni í stofu íbúðarinnar. Engin skotanna lentu í sömu hæð á veggnum og á ljósmyndum af vettvangi má sjá að það er töluverður munur á því hvar neðsta og efsta skotið lentu. Tvö skot fóru inn í herbergið og lentu í vegg á milli hitaveituofns og sólbekkjjar. Áður en annað þeirra lenti í veggnum fór það í gegnum hurðarstaf. Töluverð fjarlægð er á milli staðanna þar sem skotin tvö lentu í veggnum. Miðað við staðsetningu á skothylkjum og byssukúlum þykir líklegt að skotmaðurinn hafi staðið á gangi innan við anddyri íbúðarinnar þegar hann hleypti af skammbyssunni og er það í samræmi við framburð ákærða Ásgeirs. Byssan fannst á lóð hússins en hún er af gerðinni 45 Colt 1911 A1 og er hálfsjálfvirk með sleða sem virkar þannig að draga þarf sleða byssunnar til baka til að spana hana. Skotin sem voru notuð voru 45 kalíbera (PPU 45 auto full metal jacket). Eins og fram er komið lentu engin skotanna á sama stað og bendir það til þess að annað hvort hafi sá sem skaut aldrei miðað á sama stað eða ekki haft fullt vald á byssunni þegar hleypt var af henni. Ákærði Ásgeir kvaðst ekki vera með skotvopnaleyfi og því óvanur að skjóta af byssu en um er að ræða öflugan byssu. Þykir því líklegra að ákærði Ásgeir hafi ekki haft fullt vald á byssunni þegar hann skaut og því hafi hending ein ráðið því hvar skotin lentu.

Af framburði ákærða Ásgeirs sjálfs og rannsóknargögnum málsins má ráða að ákærði hafði undirbúið för sína og ákærða Breka á þann stað sem talið var að brotapolinn D væri, m.a. með því að fara í nágrenni vettvangs kvöldið áður til að skoða aðstæður, útvega sér skammbyssu, kaupa skot í hana og hlaða hana og útvega bifreið með bílstjóra til að aka ákærðu Ásgeiri og Breka á vettvang. Á leiðinni á vettvang skiptu allir ákærðu um skráningarnúmer á bifreiðinni, sem þeir voru á, væntanlega í þeim tilgangi að villa um fyrir lögreglu. Af þessu sést að ásetningur ákærða Ásgeirs til þess verks, sem hann hafði áætlað í upphafi, var einbeittur, hver sem hann svo var, þ.e. eingöngu að hræða viðkomandi eða enn alvarlegri. Hann lýsti því að þegar hann hefði komið inn í íbúðina að [...] hefði hann ekki séð fólk en heyrt karlmannsrödd inni í herbergi. Ætlun hans hafi ekki verið að skjóta á fólk þ.e. bana því en þrátt fyrir það skaut hann sex skotum í átt að herberginu án þess að vita hverjir væru þar staddir. Það hefur verið rakið hvar skotin enduðu för sína og samkvæmt því var það í raun tilviljun ein hvar þau lentu. Ákærði

Ásgeir miðaði því ekki á einn ákveðinn stað eða hafði ekki vald á því hvar skotin enduðu. Hann lýsti því sjálfur að hafa heyrt í karlmanni inni í herberginu sem hann skaut í áttina að og miðað við það mátti hann gera ráð fyrir að fleiri gætu verið í herberginu. Þá verður í þessu sambandi að hafa í huga að þetta var á aðfangadagskvöld þegar að öllu jöfnu eru fleiri en einn á heimilum fólks til að fagna jólnunum. Þá voru alla vega þrír einstaklingar skráðir til heimilis í íbúðinni en brotaþolinn D, sem verknaður ákærðu á að hafa beinst að, var ekki skráður þar til heimilis. Þá kvaðst ákærði Ásgeir ekki hafa vitað úr hverju veggir í íbúðinni eru, þ.e. hvort þeir væru steyptir eða úr timbri. Þrátt fyrir þetta skaut ákærði Ásgeir sex skotum tilviljunarkennt í átt að herbergi þaðan sem hann hafði heyrt karlmannsrödd. Jafnvel þó að brotaþolinn C hafi ekki staðið þar sem lögreglan telur að hún hafi verið þegar ákærði Ásgeir hleypti af byssunni, eins og verjandi hans hélt fram við aðalmeðferð málsins, var það hending ein að skotin skyldu ekki lenda á þeim sem voru inni í herberginu. Ákærði Ásgeir mátti vita að það er lífshættulegt að skjóta í átt að fólki af stuttu færi úr skammbyssu, hvað þá sex skotum, án þess að vera öruggur á því hvar skotin lendi. Samkvæmt þessu mátti ákærði Ásgeir á verknaðarstundu gera sér grein fyrir því að bani gæti hlotist af háttsemi hans. Þá stofnaði hann með verknaði sínum lífi og heilsu brotaþolanna A og B á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska enda stórhættulegt að skjóta nokkrum skotum af skammbyssu inni í frekar lítilli íbúð.

Með vísan til alls ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði Ásgeir hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. ákærulið. Hann hefur því gerst sekur um tilraun til manndráps gagnvart brotaþolunum C og D, hættubrot gagnvart brotaþolunum A og B, húsbrot og vopnalagabrot og er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru málsins. Hefur hann unnið sér til refsingar í samræmi við það.

Ákæruliður II.

Um málavexti, skýrslur lögreglu, þ.m.t. tæknideildar, og framburði ákærðu og vitna fyrir dómi vísast til þess sem segir um þessi atriði í umfjöllun um I. ákærulið.

Framburður ákærða Breka hjá lögreglu.

Ákærði Breki var handtekinn 28. desember 2023 og honum gert að sæta gæsluvarðhaldi sama dag og sætti hann gæslu til 16. febrúar 2024. Í fyrstu þremur skýrslutökum hjá

lögreglu neitaði ákærði Breki ýmist sök eða neitaði að tjá sig. Við skýrslutöku 16. febrúar 2024 játaði hann aðild sína að málinu. Ákærði Breki sagði að ákærði Ásgeir hafi boðið ákærða Breka að hóta manni með byssu en ákærði Ásgeir hafi sagt að ekki væru skot í byssunni. Ákærði Ásgeir hafi sagt ákærða Breka frá fyrirætlan sinni daginn áður. Síðan hafi ákærði Hilmir, sem hafi vitað hvað til stóð, sótt ákærða Breka og Ásgeir og ekið þeim á vettvang en á leiðinni þangað hafi þeir skipt um skráningarnúmer á bifreið ákærða Hilmis. Ákærði Ásgeir hafi sýnt ákærða Breka byssuna á leiðinni á vettvang en það hafi átt að hóta manni, sem ákærði Breki vissi ekki hver var, með byssunni. Ákærðu Ásgeir og Breki hafi farið inn í íbúðina og þegar þangað hafi komið hafi ákærði Ásgeir byrjað að skjóta úr byssunni en ákærði Breki kvaðst hvorki hafa séð né heyrt í fólki í íbúðinni. Ákærði Ásgeir hafi ekki sagt neitt og þegar hann hafi verið búinn að skjóta hafi þeir ákærði Breki hlaupið út. Byssan hafi orðið eftir fyrir utan húsið en ákærði Breki vissi ekki hvers vegna. Ákærðu Breki og Ásgeir hafi farið inn í bifreiðina hjá ákærða Hilmi og hann ekið á brott og að Krýsuvíkirkirkju og þangað hafi J, félagi ákærða Breka, sótt hann og ákærða Ásgeir. Þeir hafi hent fötunum sem þeir hafi verið í þegar þeir fóru inn í íbúðina. Ákærði Breki sagði að tilgangurinn með för ákærðu hefði verið að hræða mann sem ákærði Breki þekkti ekki. Hann vildi ekki tjá sig um það hvers vegna hafi átt að gera það og hann kvaðst ekki vita hvar ákærði Ásgeir hefði fengið byssuna. Ákærði Breki kvaðst ekki hafa fengið greitt fyrir sinn þátt í málinu og hann hafi aðeins farið með ákærða Ásgeiri til að bakka hann upp. Ákærði Breki kvaðst aldrei hafa snert byssuna en hafi hann gert það hafi það gerst í bifreiðinni á leiðinni á vettvang. Hann gat ekki skýrt hvernig blóð úr honum hafði komist á byssuna en DNA-greining bendir til þess.

Niðurstaða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Ákærða Breka er gefin að sök hlutdeild í broti ákærða Ásgeirs sem lýst er í I. ákærulið en hann neitar því að með háttsemi sinni hafi hann gerst sekur um hlutdeild í tilraun til manndráps.

Ákærði Breki hefur viðurkennt að hafa farið á vettvang með ákærða Ásgeiri í þeim tilgangi að ógna eða hræða með byssu mann, sem ákærði Breki vissi ekki hver var. Hann kvaðst þó ekki hafa vitað að ákærði Ásgeir hafi ætlað að skjóta af byssunni. Hann hafi sagt ákærða Breka daginn áður hvað stæði til, þ.e. að hræða mann. Ákærði Breki hefur viðurkennt að hafa greitt ákærða Hilmi fyrir aksturinn á vettvang í tveimur greiðslum. Þá hefur ákærði Breki viðurkennt að hafa tekið þátt í því að skipta um skráningarnúmer á bifreiðinni á leiðinni á vettvang og farið með ákærða Ásgeiri inn í íbúðina að [...], eftir að þeir hafi hulið andlit sín, þar sem ákærði Ásgeir hafi skotið sex skotum úr skammbyssu eins og lýst er í umfjöllun um ákærulið I. Ákærði Hilmir hafi síðan ekið þeim að Krýsuvíkarkirkju þar sem þeir hafi skipt aftur um skráningarnúmer á bifreiðinni. Á leiðinni frá vettvangi hafi ákærðu Breki og Ásgeir farið úr fötunum, sem þeir hafi verið í þegar þeir fóru inn í íbúðina, og hent þeim í vatn á leiðinni. Þá hringdi ákærði Breki úr síma ákærða Hilmis í mann til að fá hann til að sækja ákærðu Breka og Ásgeir í Krýsuvík. Ákærði Breki kvaðst líklega hafa skilið símann sinn eftir þegar ákærðu héldu á vettvang. Þegar ákærðu hafi komið aftur til baka að heimili móður ákærða Ásgeirs hafi annað hvort ákærði Ásgeir eða ákærði Breki ákveðið að hylja myndavél sem þar hafi verið við aðkomu að íbúðinni.

Ákærði Breki minntist þess ekki að hafa snert byssuna sem ákærði Ásgeir var með en hafi hann gert það hafi það gerst á leiðinni á vettvang en ákærði Breki hafi þá verið með hanska. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á sýnum sem tekin voru af byssunni var DNA-snið hans á henni. Með hliðsjón af því þykir ljóst að ákærði Breki hafi handleikið byssuna áður en ákærðu héldu á vettvang eða á leiðinni þangað.

Við skýrslugjöf fyrir dómi við aðalmeðferð málsins vildi ákærði Breki gera minna úr sínum hlut í málinu en hann augljóslega var en aftur á móti vildi hann gera hlut ákærða Hilmis alvarlegri en rannsóknargögn málsins benda til. Samkvæmt þessu má efast um að framburður ákærða Breka fyrir dómi hafi að öllu leyti verið réttur.

Samkvæmt framburði vitnanna C, D, A og B voru það tveir menn sem ruddust inn í íbúðina í umrætt sinn, sbr. það sem áður hefur komið fram um framburð þeirra.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir það hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði Breki tók þátt í verknaði ákærða Ásgeirs, bæði fyrir atvikið, meðan á því stóð og eftir að atvik urðu. Því er sannað að ákærði Breki hafi gerst sekur um hlutdeild í húsbroti og vopnalagabroti og eru þau brot réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærinni. Þá stendur eftir að ákveða hvort ákærði Breki hafi gerst sekur um hlutdeild í tilraun til manndráps gagnvart brotapolunum C og D eða hvort um sé að ræða hlutdeild í hættubroti gagnvart þeim og sömuleiðis brotapolunum A og B.

Í 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga er almennt ákvæði um hlutdeild í brotum samkvæmt ákvæðum laganna, öðrum en þeim sem hafa að geyma sérstakar hlutdeildarheimildir. Samkvæmt ákvæðinu verður sá talinn hlutdeildarmaður sem „með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið“. Í 2. mgr. sömu greinar er að finna frjálsar heimildir til refsilækkunar hlutdeildarmanns gefi aðstæður eða atvik tilefni til, svo sem ef þátttaka hans í broti er smávægileg eða fólgin í því að styrkja áform annars manns sem áður er til orðið eða fyrirhuguð þátttaka hefur misheppnast. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að almennum hegningarlögum segir að í 1. mgr. 22. gr. sé gert ráð fyrir sem almennri reglu að þegar fleiri en einn maður vinni saman að framkvæmd brots skuli sök hvers um sig metin sjálfstætt eftir afstöðu hvers um sig til brotsins eða tilraunar til þess. Þá geti refsing hvers þátttakanda um sig orðið misjöfn eftir atvikum.

Hlutdeild í broti skv. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga er fólgin í þátttöku manns í afbroti sem lýst er annars staðar í þeim lögum og ræðst hún eðli málsins samkvæmt talsvert af verknaðarlýsingu þess afbrots og fullframningarstigi. Hlutdeildarbrot er sjálfstætt brot þótt ekki sé tilgreint með tæmandi hætti í 1. mgr. 22. gr. hvaða háttsemi beri að fella undir ákvæðið heldur eru þess í stað nefnd nokkur dæmi um hana. Ásetningur til hlutdeildar verður að öllu jöfnu að standa til þess að brotið verði fullframið þrátt fyrir að atbeini hlutdeildarmanns lúti t.d. aðeins að undirbúningi þess. Hlutdeildarákvæði hegningarlaganna fela í sér rýmkaða refsíabyrgð þannig að háttsemi sem fellur undir hlutdeild getur náð út fyrir verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem frumbrotið er heimfært undir. Af orðalaginu „eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið“ í 1. mgr. greinarinnar er ljóst að ákvæðið hefur ekki að geyma tæmandi talningu á háttsemi sem getur falið í sér refsiverða hlutdeild í broti.

Hlutdeildarbrot þarf ekki að vera afgerandi þáttur í því að refsiverður verknaður er framinn heldur getur nægt að hlutdeildarmaður styrki áform annars manns sem áður eru til orðin, sbr. 2. mgr. 22. gr. Af orðalagi 22. gr. almennra hegningarlaga er ljóst að jafnvel lítils háttar þátttaka í skipulagningu brots eða liðveisla við undirbúning þess getur uppfyllt hlutræn skilyrði þess að teljast hlutdeild í broti. Ekki er hins vegar skilyrði að þátttakan hafi ráðið úrslitum um eða haft áhrif á að brotið var framið. Þannig er lýsing 1. mgr. 22. gr. víðtæk um þá háttsemi sem fallið getur undir ákvæðið.

Skilyrði þess að sakborningur verði dæmdur fyrir hlutdeild í broti þar sem ásetnings er krafist er að ásetningur hans standi til allra efnispáttá verknaðar eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðis enda þótt þátttaka hans einskorðist við tiltekna þætti í skipulagningu eða öðrum undirbúningi. Öll stig ásetnings koma þar til álita.

Samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga er verknaður, sem refsing er lögð við í lögunum, ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal aðeins refsa ef sérstök heimild stendur til þess í lögunum. Áður er lýst þátttöku ákærða Breka í verknaði ákærða Ásgeirs og þegar hún er virt í heild sinni verður ekki fullyrt að hlutdeild ákærða Breka í broti ákærða Ásgeirs hafi staðið til þess að bana brotapolunum C og D.

Með vísan til alls ofanritaðs verður ákærði Breki ekki sakfelldur fyrir hlutdeild í tilraun til manndráps. Hins vegar vissi ákærði Breki að til stæði að ógna eða hóta manni og áður en þeir ákærði Ásgeir fóru inn í íbúðina var honum kunnugt um að ákærði Ásgeir var með byssu. Ákærði Breki kvaðst ekki hafa vitað hvort byssan var hlaðin en hann virðist hins vegar ekki hafa gengið úr skugga um hvort svo væri eða ekki. Ákærða Breka mátti vera ljóst að það að hóta eða ógna manni með byssu var alvarlegt brot og óljóst hver framvinda slíks verknaðar yrði þegar til kæmi. Þá gætu afleiðingar slíks verknaðar orðið alvarlegar. Þrátt fyrir það tók hann þátt í verknaði ákærða Ásgeirs eins og lýst hefur verið og veitti honum þar með liðsinni sitt. Með því stofnaði ákærði Breki þar með lífi og heilsu þeirra sem voru í íbúðinni, þar sem brotið var framið, á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska. Þar með gerðist ákærði Breki sekur um hlutdeild í hættubroti.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði Breki hafi gerst sekur um hlutdeild í broti ákærða Ásgeirs þannig að varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Þá varðar brot hans einnig

við 231. gr. hegningarlaganna, 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 21. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og allt sbr. 22. gr. hegningarlaganna, sbr. 3. mgr. 36. gr. vopnalaganna.

Ákæruliður III.

Um málavexti, skýrslur lögreglu þ.m.t. tæknideildar og framburði ákærðu og vitna fyrir dómi vísast til þess sem segir um þessi atriði í umfjöllun um I. ákærulið

Framburður ákærða Hilmis hjá lögreglu.

Ákærði Hilmir var handtekinn 27. desember 2023 og gaf hann skýrslu hjá lögreglu sama dag. Ákærði sagði að vinur sinn hefði haft samband við sig og sagt sér að mann sem vinur hans þekkti vantaði bifreið. Ákærði Hilmir kvaðst geta útvegað bifreið en hann yrði að aka henni sjálfur. Hann kvaðst síðan hafa hitt tvo drengi, sem hann hafi ekki vitað hverjir voru, en um hafi verið að ræða meðákærðu Ásgeir og Breka. Ákærði Hilmir hafi sótt þá laugardaginn 22. eða 23. desember 2023 og ekið með þá í [...]. Þar hafi ákærði Ásgeir orðið eftir og verið þar líklega í um tvær klukkustundir en þá hafi ákærði Hilmir sótt hann aftur. Á meðan hafi ákærði Breki verið annars staðar. Meðákærðu Ásgeir og Breki hafi síðan haft samband við ákærða Hilmi á aðfangadag 2023 og beðið hann að keyra með þá í [...] en það væri best að ákærði Hilmir myndi ekki vita hvað meðákærðu væru að fara að gera. Hann kvaðst hafa fengið samtals 80.000 krónur fyrir aksturinn og hafi ákærði Breki greitt það í tveimur greiðslum inn á bankareikning ákærða Hilmis.

Á leiðinni í [...] hafi ákærðu stolið skráningarnúmerum af bifreið og sett á bifreið ákærða Hilmis sem hann hafi haft að láni. Þeir hafi síðan farið að [...] og ákærða Hilmi verið sagt að bíða í bifreiðinni en meðákærðu hafi farið út úr bifreiðinni. Skömmu seinna hafi ákærði Hilmir heyrt eins og skothvelli og meðákærðu komið hlaupandi, sest inn í bifreiðina og sagt ákærða Hilmi, sem hafi verið mjög óttasleginn, að aka á brott. Hann hafi ekið að Krýsuvíkirkirkju þar sem hann hafi skipt aftur um skráningarnúmer á bifreiðinni og hent stolnu númeraplötunum þar. Þangað hafi komið önnur bifreið og meðákærðu farið með henni á brott. Ákærði Hilmir kvaðst aldrei hafa séð vopn, ekki vitað hvað til stóð né gegn hverjum það beindist. Honum hafi samt skilist að meðákærðu hafi átt að fá 600.000 krónur fyrir þetta og þeir væru að gera þetta fyrir þriðja aðila. Taldi ákærði Hilmir sig hafa heyrt ákveðið nafn í því sambandi.

Ákærði Hilmir gaf skýrslu fyrir dómi 8. janúar 2024 og skýrði þá mjög á sama veg frá og hjá lögreglu, sbr. ofanritað.

Niðurstaða.

Í greinargerð verjanda ákærða Hilmis er talið að í III. ákærulið sé ekki að finna verknaðarlýsingu sem samræmist 22. gr. almennra hegningarlaga og talið að það geti jafnvel varðað frávísun ákæruliðarins ex officio. Í öllu falli sé framsetning ákærunnar óskýr um það brot sem ákærða er gefið að sök og allan vafa vegna þessa annmarka verði að túlka ákærða í hag.

Í ákæru er ákærða Hilmi gefin að sök hlutdeild í broti ákærða Ásgeirs samkvæmt I. tölulið ákærunnar, þ.e. tilraun til manndráps, hættubrot og húsbrot. Í III. ákærulið er því lýst nákvæmlega í hverju hlutdeild ákærða Hilmis á að vera fólgin. Því er skýrleika ákærunnar hvað þetta varðar ekki ábótavant og uppfyllir hún skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um þýðingu 108. gr., 1. og 2. mgr. 109. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála við úrlausn málsins vísast til þess sem segir í niðurstöðukafla um II. ákærulið. Almennt um hlutdeild vísast einnig til þess sem segir í sama kafla. Hvort tveggja á við um þátt ákærða Hilmis í broti ákærða Ásgeirs sem lýst er í I. ákærulið.

Ákærða Hilmi er gefin að sök hlutdeild í broti ákærða Ásgeirs, sbr. I. ákærulið. Hann hefur viðurkennt að hafa ekið meðákærðu, sem hann hafi ekki þekkt, á vettvang í umrætt sinn gegn greiðslu samkvæmt beiðni vinar ákærða Hilmis. Meðákærðu hafi sagt ákærða Hilmi að það væri best að hann vissi ekki hvað stæði til á vettvangi. Þrátt fyrir það ók hann meðákærðu á vettvang og þeir skiptu um skráningarnúmer á bifreiðinni, sem hann ók, á leiðinni á vettvang en hann hafi vitað um stað þar sem ákærðu gætu stolið öðrum skráningarnúmerum. Síðan ók ákærði Hilmir meðákærðu á vettvang og sá að þeir huldu andlit sín áður en þeir fóru inn í íbúðina. Hann gat því ekki velkst í vafa um það að meðákærðu voru ekki að fara á vettvang í vinsamlegum tilgangi, m.a. með hliðsjón af tímasetningu atviksins. Þaðan heyrði ákærði Hilmir síðan skothvelli og þegar meðákærðu komu aftur í bifreiðina ók ákærði Hilmir þeim á brott frá vettvangi og þeir skiptu aftur um skráningarnúmer á bifreið hans á leið þaðan og ákærði Hilmir henti númerunum sem

þeir höfðu stolið. Ákærði Hilmir sagði að meðákærðu hefðu sagt að hann myndi ekki vilja vita hvað þeir ætluðu að gera en hann hefði grunað að þeir ætluðu að beita ofbeldi. Hann hafi hins vegar ekki grunað að um vopnaða árás yrði að ræða.

Svo virðist sem ákærði Hilmir hafi ekki vitað nákvæmlega hvað meðákærðu ætluðu að aðhafast á vettvangi. Hins vegar mátti honum með tilliti til hegðunar meðákærðu og aðdraganda verknaðar þeirra, sem lýst er í I. ákærulið, vera ljóst að eitthvað alvarlegt gæti verið í uppsiglingu. Þrátt fyrir það liðsinnti hann meðákærðu eins og lýst hefur verið og lét sér a.m.k. í léttu rúmi liggja hvað myndi gerast á vettvangi og beið þar meðan meðákærðu fóru í annarlegum tilgangi inn í íbúðina að [...].

Í greinargerð verjanda ákærða Hilmis kemur fram að ásetningur hans hafi ekki staðið til annars en að aka meðákærðu gegn greiðslu í leiðangur sem hann hafi talið að væri farinn í þeim tilgangi að hræða óþekktan aðila eða eftir atvikum beita hann ofbeldi. Samkvæmt þessu var ákærði Hilmir meðvitaður um að meðákærðu ætluðu hugsanlega að beita ofbeldi sem gat allt eins orðið alvarlegt sem og afleiðingar þess. Þrátt fyrir þetta tók ákærði Hilmir þátt í verknaði meðákærðu eins og lýst hefur verið.

Um þátttöku ákærða Hilmis í broti ákærða Ásgeirs, sem lýst er í I. ákærulið, gildir það sama og segir um þátttöku ákærða Breka í broti Ásgeirs, sbr. umfjöllun um II. ákærulið. Þannig verður ekki fullyrt að ásetningur ákærða Hilmis hafi staðið til að bana brotapolunum C og D. Hann verður því ekki sakfelldur fyrir hlutdeild í tilraun til manndráps. Hins vegar var honum kunnugt um að jafnvel stæði til að beita ofbeldi án þess að ganga frekar úr skugga um hvað nákvæmlega stæði til af hálfu meðákærðu. Með þátttöku sinni í brotinu liðsinnti hann meðákærðu við að stofna lífi og heilsu þeirra sem voru í íbúðinni, þar sem brotið var framið, á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska. Þar með gerðist ákærði Hilmir sekur um hlutdeild í hættubroti.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði Hilmir hafi gerst sekur um hlutdeild í broti ákærða Ásgeirs þannig að varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Þá varðar brot hans einnig við 231. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaganna.

Í greinargerð verjanda ákærða Hilmis kemur fram að það sé ekki líklegt til árangurs að gera honum refsingu í málinu. Um það er vísað til sálfræðivottorðs O og dóms réttarins í máli nr. S-2816/2023 frá 13. febrúar 2024. Með þeim dómi var ákærði sakfelldur fyrir að aka bifreið 12 sinnum án þess að hafa öðlast ökuréttindi í júní til september 2023. Honum var ekki gerð refsing í málinu þar sem ekki var talið að hún myndi bera árangur og vísað þar um til málsatvika og fyrrgreinds vottorðs. Í 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga segir að sé andlegt ástand sakbornings ekki á eins háu stigi og lýst er í 15. gr. laganna skuli honum refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefur verið leitað, að refsing geti borið árangur. Ekki er til að dreifa gögnum frá læknum sem staðfesta andlegt ástand ákærða Hilmis. Í skýrslugjöf sálfræðingsins fyrir dómi kom fram að ákærði Hilmir sé með heilaskaða en hann viti að það að fremja afbrot, svo sem líkamsárás og þjófnað, sé rangt og hann myndi eflaust læra af fangelsisvist. Framburður ákærða Hilmis við aðalmeðferð málsins var greinargóður og af honum verður ekki annað ráðið en að refsing gagnvart honum geti borið árangur. Með vísan til þessa verður ákærða Hilmi gerð refsing í málinu.

IV

Einkaréttarkröfur og sálfræðileg vottorð vegna brotþola.

Brotþolin, C, gerir kröfu til þess að ákærðu greiði henni sameiginlega 4.500.000 krónur í miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Samkvæmt vottorði Barnahúss hefur hún verið þar í meðferð og í sjö viðtölum frá 24. janúar 2024. Svör hennar á sjálfsmatskvörðum í febrúar sl. gáfu til kynna þunglyndi og kvíða yfir viðmiðunarmörkum. Í upphafi meðferðar lýsti C endurteknum martröðum eða draumum sem tengdust skotárásinni sem dró úr eftir því sem leið á meðferðina. Þá átti hún erfitt með að sofa í sínu herbergi. Hún segist eiga erfitt með að treysta og tengjast öðrum og hún óttast að árásin endurtaki sig og þá sérstaklega á nóttunni þegar hún sé að reyna að sofna. Í vottorðinu segir að það sé erfitt að segja til um afleiðingar skotárásarinnar á líðan C til framtíðar litið en erlendar rannsóknir sýni að upplifun barna af byssuofbeldi geti haft neikvæð skammtíma- og langtímaáhrif á andlega líðan þeirra, t.d. geti þau dregið sig til baka inn í skel sína, upplifað reiði og þróað með sér geðræn vandamál í kjölfar byssuofbeldis. Þá séu börn sem verða fyrir byssuofbeldi 50-68% líklegri til að þróa með sér einkenni geðsjúkdóma en börn sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Þá sýni rannsóknir að byssuofbeldi geti haft skaðleg áhrif á heilaproska og heilsu barna og geti

leitt til lífeðlis- og sálfræðilegra afleiðinga síðar á lífsleiðinni. Þá segir að C hafi náð nokkrum árangri í átt að bata en þó sé meðferð hvergi nærri lokið og áfram verði unnið að því að draga úr áfallastreitueinkennum og öðrum vanlíðunareinkennum hennar um óákveðinn tíma.

Brotapolinn, D, gerir kröfu til þess að ákærðu greiði honum sameiginlega 3.500.000 krónur í miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Samkvæmt vottorði P sálfræðings leitaði hann til Áfallateymis Landspítala 22. apríl 2024, þ.e. tæpum fjórum mánuðum eftir meint brot ákærðu. Hann hafi lýst því að hann hafi lent aftur í óreglu eftir brot ákærðu og farið til Spánar en síðan fundið að hann þyrfti að leita sér hjálpar eftir atvikið. Þegar vottorðið var skrifað hafði hann mætt í tvo tíma hjá sálfræðingnum. Hann hafi skýrt frá einkennum áfallastreitu og endurupplifunar. Þá hafi hann lýst forðunareinkennum því hann hafi forðast að hugsa og ræða um atvikið. Þá forðist hann að hitta fólk því hann viti ekki hverjum hann geti treyst. Þessi einkenni hafi valdið D uppnámi og truflun í daglegu lífi og orðið til þess að hann hafi aftur farið að nota vímuefni eftir að hafa verið laus við þau í tvo mánuði. Sjálfsmatskvarði benti til mjög alvarlegra einkenna þunglyndis, kvíða og streitu.

Brotapolinn, A, gerir kröfu til þess að ákærðu greiði henni sameiginlega 2.000.000 króna í miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Samkvæmt vottorði Q sálfræðings leitaði A til Áfallateymis Landspítala í lok desember 2023 og mætti í fjögur viðtöl frá 3. janúar til 22. mars 2024. Í fyrsta viðtali lýsti hún m.a. erfiðleikum með svefn og ótta um framtíðina. Hún hafi upplifað hjálparleysi og hrylling meðan á árásinni hafi staðið og henni hafi liðið eins og hún hefði engar tilfinningar. Hún hafi greint frá einkennum áfallastreituröskunar, m.a. ágengum minningum og truflandi draumum um skotárásina. Þá hafi hún greint frá sterkum líkamlegum og tilfinningalegum viðbrögðum þegar eitthvað minnti hana á árásina en hún forðaðist minningar, hugsanir og tilfinningar tengdar árásinni. Hún var með sjálfsásakandi hugsanir, t.d. að hún hefði átt að hafa læst, og hún væri alltaf vör um sig. Einkenni sem A hafi haft eftir árásina hafi valdið henni uppnámi og haft truflandi áhrif á hennar daglega líf. Á meðferðartímanum minnkaði þunglyndi, kvíði, streita og svefnvandráði. Í síðasta viðtalinu, þegar tæpir þrjú mánuðir voru liðnir frá atvikinu, voru áfallastreitueinkenni A takmörkuð og því vísbendingar um að hún hafi farið í bataferli eftir áfallið.

Brotabólinn, B, gerir kröfu til þess að ákærðu greiði honum sameiginlega 2.000.000 króna í miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Samkvæmt vottorði R sálfræðings leitaði B til Áfallateymis Landspítala í byrjun janúar 2024 og mætti í tvö viðtöl í sama mánuði. Hann kvaðst hafa verið dofinn fyrst eftir árásina og lýsti erfiðleikum með svefn. Hann sé hins vegar vanur „að taka hluti á kassann“ og það þurfi mikið til að koma honum í uppnám. Hann hafi greinilega verið óvanur að tjá sig um vanlíðan sína eða sýna tilfinningar og hugsanlega hafi hann gert minna úr vandanum en tilefni var til. Upplifun og viðbrögð hans hafi endurspeglad þau viðmið sem lögð séu til grundvallar fyrsta viðmiðis við greiningu áfallastreituröskunar. Einkennin hafi verið væg en B hafi greint frá endurupplifun, þ.e. sterkum líkamlegum og tilfinningalegum viðbrögðum, þegar eitthvað minnti hann á meint brot. Þá lýsti hann forðunareinkennum, þ.e. hann forðist að hugsa um atburðinn. Þá lýsti hann einkennum sem tengjast neikvæðum breytingum í hugsun og tilfinningum, t.d. breyttum viðhorfum til sjálfs sín, annarra og umheimsins. Hann lýsti neikvæðum tilfinningum og hann átti erfitt með að upplifa jákvæðar tilfinningar. Umrædd einkenni ollu B uppnámi og truflun í daglegu lífi. Í síðara viðtalinu, um mánuði eftir skotarásina, var hann með væg einkenni áfallastreitu og því voru vísbendingar um eðlilegt bataferli. Því var ekki talin þörf á frekari meðferð.

E, F, G og H gera öll kröfu til þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða þeim hverju um sig 400.000 krónur í miskabætur auk vaxta, dráttarvaxta og lögmannskostnaðar. I gerir kröfu til þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða honum 500.000 krónur í miskabætur auk vaxta, dráttarvaxta og lögmannskostnaðar.

V

Refsingar, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður.

Brot það sem ákærðu allir hafa verið sakfelldir fyrir var mjög alvarlegt og beindist að lífi og heilsu brotþola. Sýndu ákærðu af sér algjört skeytingarleysi og var það í raun tilviljun að ekki fór mun verr. Verður refsing þeirra allra ákveðin með hliðsjón af 1., 2. og 3. tölulið 1. mgr., 2. og 4. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærðu Ásgeirs og Breka verður einnig ákveðin með hliðsjón af 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. laganna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ásgeir gekkst hann undir tvær sektargerðir hjá lögreglustjóra 21. desember 2023 fyrir umferðarlagabrot en það hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í þessu máli. Með hliðsjón af sakarefni þessa máls og alvarleika brotsins þykir refsing ákærða Ásgeirs hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt frá 28. desember 2023 til dagsins í dag, sbr. 76. gr. hegningarlagna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Breka var hann dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir minniháttar líkamsárás 29. mars 2023. Með broti því sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli rauf hann skilorð þess dóms. Skal því taka hann upp og dæma með í þessu máli og gera ákærða refsingu í einu lagi í báðum málunum, sbr. 60. gr. almennra hegningarlagna. Þá hlaut ákærði Breki dóm 2. apríl 2024 fyrir umferðar- og vopnalagabrot og var dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð 720.000 krónur en um þennan dóm er ekki getið á því sakavottorði sem er meðal gagna málsins. Refsing ákærða Breka verður því ákveðin með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlagna. Með vísan til þessa og alvarleika brots ákærða, sem hann er nú sakfelldur fyrir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði sætti frá 28. desember 2023 til 16. febrúar 2024, sbr. 76. gr. hegningarlagna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hilmis var útgáfu ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið í tvö ár 28. mars 2023 [...] og með dómi 13. febrúar 2024 var honum ekki gerð refsing fyrir akstur án þess að hafa öðlast ökuskírteini. Fram kom við aðalmeðferð málsins að hann hafi veitt upplýsingar við rannsókn málsins hjá lögreglu sem máli skiptu fyrir framgang rannsóknarinnar og verður tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 9. tölulið 1. mgr. 70. gr. hegningarlagna. Með vísan til þessa og þess sem rakið hefur verið um þátt ákærða Hilmis í broti meðákærðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Með hliðsjón af ungum aldri hans og högum hans að öðru leyti þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þess að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlagna nr. 19/1940.

Með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga skal vera upptæk til ríkissjóðs Colt-skammbýssa fyrir 45 kalíbera skot.

Allir fjórir brotapolarnir, sem voru í íbúðinni í umrætt sinn, hafa uppi einkaréttarkröfur í málinu og krefjast þess að öllum ákærðu verði sameiginlega gert að greiða þeim miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Bótakröfurnar voru birtar ákærða Breka 13. febrúar 2024, ákærða Ásgeiri 11. mars 2024 og ákærði Hilmi við birtingu ákæru 8. apríl 2024. Eins og fram er komið var hlutur ákærða Hilmis í broti ákærða Ásgeirs aðallega fólgin í því að aka honum og ákærða Breka á vettvang og þaðan aftur eftir að ákærðu Ásgeir og Breki fóru inn í íbúðina og ákærði Ásgeir skaut þar af skammbýssu. Ákærði Hilmir vissi ekki nákvæmlega hvað til stóð og hann fór ekki inn í íbúðina þar sem brotapolarnir voru og skotárásin átti sér stað. Hann hafði því ekki bein tengsl við þá atburðarás sem varð í íbúðinni og leiddi til tjóns fyrir brotþola. Þannig beindist þáttur ákærða Hilmis í broti meðákærðu ekki beinlínis gegn brotapolunum og verður hann því ekki talinn bótaskyldur gagnvart þeim en það eru hins vegar ákærðu Ásgeir og Breki á grundvelli b.-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bera þeir sameiginlega ábyrgð gagnvart brotapolunum sem voru í íbúðinni.

Brotapolinn, C, krefst þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða henni miskabætur að höfuðstól 4.500.000 krónur. Hún var barn að aldri þegar brotið átti sér stað og hún kvaðst hafa séð að ákærðu væru með býssu sem skotið var af og lentu skotin skammt frá C og föður hennar. Brot ákærðu Ásgeirs og Breka var til þess fallið að hafa alvarleg áhrif á andlega heilsu C til hins verra og allt eins líklegt að hún glími við afleiðingarnar til lengri tíma, sbr. vottorð sálfræðings sem er meðal rannsóknargagna málsins. Með vísan til þessa skulu ákærðu Ásgeir og Breki greiða C sameiginlega 2.000.000 króna í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Brotapolinn, D, krefst þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða honum miskabætur að höfuðstól 3.500.000 krónur. Ákærði Ásgeir skaut í átt að herbergi þar sem D og ung dóttir hans voru. Voru þau bæði því í raun í hættu. Var þetta því til þess fallið að valda D miklu uppnámi og hafa áhrif á andlega heilsu hans til þess verra. Með vísan

til þessa skulu ákærðu Ásgeir og Breki greiða honum sameiginlega 1.500.000 krónur í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Ákærðu Ásgeir og Breki greiði D óskipt 115.000 krónur í útlagðan kostnað.

Brotapolarnir, A og B, gera kröfu til þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða hvoru þeirra um sig miskabætur að höfuðstól 2.000.000 króna. Ákærðu Ásgeir og Breki ruddust í heimildarleysi inn á heimili þeirra á aðfangadagskvöld og ákærði Ásgeir skaut þar nokkrum skotum af skammbyssu. Ákærðu rufu þar með alvarlega friðhelgi heimilisins á einum helgasta degi ársins og stofnuðu lífi og heilsu nefndra brotþola í hættu. Var þetta til þess fallið að valda þeim hugarangri og óöryggi á þeirra eigin heimili. Með vísan til þessa skulu ákærðu Ásgeir og Breki greiða sameiginlega A og B hvoru um sig 1.000.000 króna í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt A 100.000 krónur og B 72.000 krónur í útlagðan kostnað.

Eins og fram er komið gera E, F, G, H og I öll kröfu til þess að ákærðu verði sameiginlega gert að greiða þeim miskabætur auk vaxta, dráttarvaxta og lögmannskostnaðar. Þessir einstaklingar voru allir íbúar á neðri hæð hússins að [...] þegar ákærðu frömdu brot sitt. Í ákæru er brot ákærðu ekki talið hafa beinst gegn þessum einstaklingum enda var brotið framið í íbúð á efri hæð hússins þar sem aðrir bjuggu. Þótt ekki sé útilokað að aðrir en þeir sem tilgreindir eru í ákæru sem brotþolar geti átt rétt á bótum vegna brots sakborninga verður ekki talið að svo sé í máli þessu. Þá eru engin gögn sem styðja bótakröfur nefndra einstaklinga sem benda til þess að þeir geti átt rétt á miskabótum á grundvelli b.-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða sakarreglunnar. Verður þessum einkaréttarkröfum því vísað frá dómi.

Ákærði Ásgeir Þór Önnuson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 4.836.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða Breka Þórs Frímanssonar, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 3.868.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar sem ákærði hefur ekki verið sakfelldur fyrir hlutdeild í manndrápi eins og honum var gefið að sök í ákæru þykir rétt að hann greiði 2/3 málsvagnarlaunanna, eða 2.579.200 krónur, en 1.289.600 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða Hilmis Gauta Bjarnasonar, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 3.224.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar sem ákærði hefur ekki verið sakfelldur fyrir hlutdeild í manndrápi eins og honum var gefið að sök í ákæru þykir rétt að hann greiði 2/3 málsvagnarlaunanna, eða 2.149.333 krónur, en 1.074.667 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt þóknun, Hilmars Garðars Þorsteinssonar lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotapolanna C, D, A og B. Ákærðu greiði þóknun vegna C 1.289.600 krónur, vegna D 806.000 krónur og útlagðan kostnað 115.000 krónur, eða samtals 921.000 krónur, vegna A 806.000 krónur og útlagðan kostnað 100.000 krónur, eða samtals 906.000 krónur, vegna B 644.800 krónur og útlagðan kostnað 72.000 krónur, eða samtals 716.800 krónur. Samtals er því þóknun réttargæslumannsins 3.546.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti sem þykir hæfilega ákveðin fjárhæð með hliðsjón af tímaskýrslum lögmannsins og umfangi málsins.

Málsvagnarlaun verjandanna og þóknun réttargæslumannsins taka einnig til starfa þeirra á rannsóknarstigi málsins.

Ákærðu allir greiði óskipt annan sakarkostnað, 588.228 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásgeir Þór Önnuson, sæti fangelsi í fimm ár en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist sem hann hefur sætt frá 28. desember 2023 til dagsins í dag með fullri dagatölu.

Ákærði, Breki Þór Frímansson, sæti fangelsi í 30 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist sem hann sætti frá 28. desember 2023 til 16. febrúar 2024 með fullri dagatölu.

Ákærði, Hilmir Gauti Bjarnason, sæti fangelsi í eitt ár en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Upptæk er til ríkissjóðs Colt-skammbýssa gerð fyrir 45 kalíbera skot.

Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt C 2.000.000 króna auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt D 1.500.000 krónur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt A og B hvoru um sig 1.000.000 króna auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til 11. apríl 2024 en auk dráttarvaxta skv. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Vísað er frá dómi einkaréttarkröfum E, I, F, G og H.

Ákærði, Ásgeir Þór Önnuson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, 4.836.000 krónur.

Málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða Breka Þórs Frímanssonar, eru 3.868.800 krónur og greiði ákærði Breki 2.579.200 krónur en 1.289.600 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða, Hilmis Gauta Bjarnasonar, eru 3.224.000 krónur og greiði ákærði Hilmir 2.149.333 krónur en 1.074.667 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Ásgeir og Breki greiði óskipt þóknun, Hilmars Garðars Þorsteinssonar lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotaþolanna C, D, A og B. Ákærðu greiði þóknun vegna C 1.289.600 krónur, vegna D 806.000 krónur og útlagðan kostnað 115.000 krónur,

eða samtals 921.000 krónur, vegna A 806.000 krónur og útlagðan kostnað 100.000 krónur, eða samtals 906.000 krónur og vegna B 644.800 krónur og útlagðan kostnað 72.000 krónur, eða samtals 716.800 krónur.

Ákærðu allir greiði óskipt annan sakarkostnað, 588.228 krónur.

Ingi Tryggvason